

Mánudaginn 10. dez. 1934.

Nr. 102/1933. Réttvísín

(Einar B. Guðmundsson, cand. jur.)

gegn

Helga Benediktssyni

(Theódór B. Lindal).

Brot gegn 255., 259. og 276. gr. alm. hegnl.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 30. maí 1933: Ákærði, Helgi Benediktsson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóvember 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Siðan mál þetta var dæmt í héraði hefir upplýsinga verið aflað um atriði þau, er í úrskurði hæstaréttar 14. febr. þ. á. greinir.

Ákærði er í máli þessu sakaður um fjórar tegundir brota, sem nú skal greina.

I. *Refsiverð meðferð á hlutabréfum í hlutafélaginu „Dráttarbraut Vestmannaeyja“.*

Samkvæmt ódagsettri skrá, er tekin var úr vörzlum ákærða með fógetagerð 2. nóv. 1931 yfir eigendur hlutabréfa í Dráttarbraut Vestmannaeyja h/f, eru seld hlutabréf talin alls 45, og er ákærði talinn eigandi að 11 þeirra. Í skránni eru og nafngreindir eigendur hinna 34 bréfanna. Þar af er Jón Einarsson talinn eigandi 3 (nr. 42—44), en hann hefir þó aldrei keypt þau bréf og þau hafa aldrei verið útgefin á hans nafn. Í efnahagsreikningi félagsins pr. 31. dez. 1927 er hlutafé félagsins talið kr. 22500,00

og svarar það til 45 hlutabréfa. Virðist þá mega gera ráð fyrir því, að ákærði hafi um áramótin 1927—1928 átt með vissu áðurnefnd 11 hlutabréf og ef til vill þau 3 bréf, sem Jón Einarsson er talinn fyrir á hluthafaskránni eða í mesta lagi 14 bréf alls. Í skýrslu af fundi félagsins, er ákærði kallaði saman og haldinn var 29. okt. 1928, segir ennfremur, að mætt sé þar fyrir 22 hluti. Þar af eru nafngreindir eigendur að 11 hlutabréfum aðrir en ákærði, en þar á meðal er Jón Einarsson. Eftir þessari fundargerð, er ákærði, sem var skrifari fundarins, virðist hafa samið, hefir hann þá með vissu átt 11 hlutabréf, og ef bréfum þeim, er Jón Einarsson, er einnig sat fundinn, var talinn fyrir, er bætt við hlutabréfacign ákærða, þá verða einnig bréf hans 14. Eftir þessum gögnum, sem ákærði hefir ekki vefengt og frá honum sjálfum stafa, að minnsta kosti efnahagsreikningurinn og fundarskýrslan, má telja það vist, að ákærði hefir ekki frá stofnun félagsins og til 29. okt. 1928 átt meira en í mesta lagi 14 hlutabréf í áðurnefndu hlutafélagi. En í janúar 1927 selur hann þó sem sína eign tveimur mönnum að handveði 19 hlutabréf í félaginu, öðrum númerin 6—7 og 25—31, og hinum sömu númerin að viðbættu nr. 32. Og höfðu þeir samtímis veð í bréfum þessum. Hefir ákærði því veðsett fimm bréfum fleira en hann gat mest hafa átt samkvæmt því, er áður var sagt. Hefir hann því gefið út handa sjálfum sér að minnsta kosti 5 hlutabréf fram yfir það sem hann hefði mest getað verið eigandi að. Ákærði hafði eyðublöð að hlutabréfum félagsins í vörzlum sínum með undirskrift stjórnenda félagsins, og hafði því að formi til heimild til að gefa út þau 5 hlutabréf, í viðbót við þau 45, sem áður voru nefnd, sem

á vantaði til þess, að 50 hlutir í félaginu væru seldir, og að hámarki hlutafjárins væri náð. En heimild þessi var að sjálfsögðu með því fororði, að fult endurgjald kæmi fyrir þessi 5 hlutabréf, en fyrir því að ákærði hafði greitt það, eru engar likur fram komnar, og hefði ákærða þó verið innan handar að tryggja sér sönnun fyrir því. Með útgáfu og veðsetningu þessara 5 hlutabréfa hefir ákærði framkvæmt óheimila ráðstöfun á eignum félagsins og þar með gerzt brotlegur við 255. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði breytti síðar númerunum á nokkrum bréfa þeirra, er hann veðsetti. Bera þau nú númerin 42, 43, 44, 45 (ætti eftir röðinni að vera 46, 47, 48, 49 og 50). Þar sem ákærði hafði að formi til heimild til að gefa bréfin út, þá verða þessar breytingar ekki taldar skjalafals samkvæmt 27. kap. hegningarlaganna, heldur einungis einn þáttur í hinni sviksamlegu meðferð á þeim.

II. Refsiverð meðferð á fylgibréfum með vörum.

1. Það eru ekki fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því, að ákærði hafi stimplað orðið „Frumrit“ á fylgibréfið með eldavelinni, sem firmað Helgi Magnússon & Co. sendi Verzlunarfélagi Vestmannaeyja, og verður því að sýkna hann af þessu kærutriði, eins og héraðsdómarinn hefir gert.

2. Það verður að telja það sannað, að bréf það, er ákærði notaði sem heimild til þess að fá sér afhentar vörur þær, sem Sláturfélag Suðurlands sendi Verzlunarfélagi Vestmannaeyja, hafi verið skrifað á ritvél ákærða, sem hann einn og búðarmaður hans, sem ekki kunni að skrifa á ritvél, höfðu aðgang að. Bæði af þessu og því, að enginn annar en ákærði gat haft hag að notkun hins falsaða fylgibréfs, og

svo af notkun hans á því og umsögn hans í prófunum um tilorðningu þess, verður að telja fram komnar svo sterkar líkur fyrir því, að hann hafi sjálfur falsað eða látið annan falsa bréfið, að telja verður sannað, að hann hafi gerzt sekur um skjalfals, og varðar þetta brot hans við 276. gr. almennra hegningarlaga.

III. Útgáfa ávísana á inneign í útibúi Íslandsbanka í Vestmannaeyjum.

Ávísanir þær, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, voru báðar seldar viðtakanda í hendur 18. ágúst 1928. Er önnur þeirra dagsett þann dag, en hin 30. s. m. Vissi ákærði það, að hann átti ekki inni til greiðslu hinnar fyrrnefndu, er hún var gefin út, og hirti ekki um að eiga innstæðu til greiðslu hinnar síðarnefndu, er hana skyldi greiða, eða gat það ekki. Þar sem gera verður ráð fyrir því, að viðtakandi teldi verðmæti í ávísunum þessum, verður, eins og málið liggur fyrir, að telja ákærða hafa með þessu gerzt brotlegan við 258. gr. almennra hegningarlaga. En með því að meira en tvö ár voru liðin frá því, er brot þetta var framið, þegar mál þetta var höfðað, er sökin fyrnd samkvæmt 67. gr. hegningarlaganna.

IV. Ólögmet ráðstöfun á eign annars manns við lögtaksgerð 22. dez. 1931.

Með kaupsamningi 27. jan. 1930 skuldbatt ákærði sig til að kaupa vélbátinn „Sandve“ E. A. 317 fyrir kr. 14500,00. Kaupverðið átti að greiðast með afborgunum, en að þeim loknum átti ákærði að fá eignarafsal að bátnum. Bátinn skyldi þó afhenda kaupanda í febrúar 1931, og virðist það hafa verið gert. Ákærði tjáist hafa kostað talsverðu til viðgerðar á bátnum eftir að hann var afhentur. Taldi á-

kærði sér mundu hafa verið heimilt að rifta kaupsamninginn vegna galla á bátnum, en jafnframt taldi hann sig eiga kröfu á seljandann vegna viðgerðarkostnaðarins með haldsrétti í bátnum til tryggingar þeirri kröfu. Þannig virðast sakir hafa staðið 22. dez. 1931. Þann dag fór fram lögtak hjá ákærða fyrir ógreiddum opinberum gjöldum, og vísaði hann þá á bátinn sem sína eign, enda þótt hann hefði ekki þá fengið afsal og ekki greitt kaupverðið að fullu. Þessi óheimila ráðstöfun ákærða var löguð til að skaða bæði eiganda bátsins og eiganda lögtakskröfunnar. Og varðar þessi verknaður ákærða við 259. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða fyrir framannefnd brot þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og ekki þykja skilyrði vera fyrir hendi til þess að ákveða fullnustu refsingarinnar skilorðsbundna.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði og til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, 350 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, sem héraðsdómarinn hefir ekki ákveðið í dómi sínum þrátt fyrir kröfu verjandans, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir hæstarétti, samtals 400 krónur.

Ákærði hefir látið stefna héraðsdómaranum til ábyrgðar fyrir dóm sinn og málsmeðferð. Fyrir hæstarétti hefir héraðsdómaranum verið gefin sök á því einu, að 31. maí f. á. var það auglýst á fregnumiða á götum Vestmannaeyja kaupstaðar, að þann dag kæmi blaðið „Ingjaldur“, sem héraðsdómarinn var útgefandi og ábyrgðarmaður að, út með héraðs-

dóminn í máli þessu, sem upp var kveðinn daginn áður. Þessi ráðstöfun héraðsdómarans er ekki dómsathöfn, og verður því ekki á hana lagður neinn dómur í máli þessu. Krafa ákærða um vítur á hendur héraðsdómaranum verður því ekki tekin til greina. Héraðsdómariinn hefir látið mæta í málinu fyrir sína hönd og krafizt málskostnaðar af ákærða. Þá kröfu verður að taka til greina, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 150 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Helgi Benediktsson, sæti fjöggra mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með taldar 350 krónur í málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Einars B. Guðmundssonar, og samtals 400 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Theódórs B. Línal. Svo greiði ákærði og 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti til Kristjáns bæjarfógeta Linnet.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Helga Benediktssyni, kaupmanni, hér, fyrir meint brot á 26. og 27. kap. hinna almennu hegningarlaga.

Það er upphaf málsins, að með kæru dags. 3. nóv. 1931 kærðu þeir Gunnar Ólafsson, konsúll, Jón Ólafsson, út-

gerðarmaður og Þ. Johnson, kaupmaður, allir hér, sem stjórnendur hlutafélagsins Dráttarbraut Vestmannaeyja, Helga Benediktsson fyrir að hafa í janúarmánuði 1927 handveðsett eða selt með endurkaupsrétti þeim St. Jóhanni Stefánssyni, hæstaréttarmálaflutningsmanni og Ásgeiri Guðmundssyni, lögfræðing í Reykjavík, 9 hlutabréf í áðurnefndu hlutafélagi, sem sé nr. 6—7 og nr. 25—31, en þó í sama mánuði látið Björn Ólafsson, stórkaupmann í Reykjavík fá, vegna erlends firma, handveð í 10 hlutabréfum Dráttarbrautarinnar, sömu bréf eða númeratölu og lögfræðingarnir fengu til tryggingar og nr. 32 í viðbót, án þess að leysa bréfin úr veðböndum Smjörlikisgerðarinnar. Töldu kærendur vera hér um sviksamlegt athæfi og jafnvel fölsun að ræða. Þessu til sönnunar létu þeir fylgja kæru sinni tilkynning Ásgeirs Guðmundssonar, þar sem hann tjáir stjórn Dráttarbrautarinnar, að þeir lögfræðingarnir, hann og Stefán Jóhann Stefánsson, hafi vegna h/f. Smjörlikisgerðarinnar fengið framseld áðurnefnd 9 hlutabréf nr. 6—7 og 25—31 „til tryggingar skuld Verzlunarfélags Vestmannaeyja við h/f. Smjörlikisgerðina“.

Undir rannsókn málsins hélt Helgi Benediktsson fyrst fram, að hann myndi ekki númer bréfa þeirra, sem lögfræðingarnir fengu til tryggingar, en halda að þau væru rangt tilfærð. En nokkrum mánuðum síðar hélt hann fram, að númerin væru ranglega tilfærð hjá Ásgeiri Guðmundssyni, sem hefði fyrir hönd þeirra lögfræðinganna tilkynnt stjórn Dráttarbrautarinnar framsal hlutabréfanna, samkvæmt framansögðu. Hinsvegar kannaðist hann við það, að hlutabréf þau, sem Björn Ólafsson fékk að handveði, væru þau, sem kærendur nefndu í kæru sinni, og vitnið Garðar Þorsteinsson, lögfræðingur í Reykjavík, einnig hefir borið, að því er kemur til númeranna 6—7 og 25—31. En á tíunda hlutabréfinu gat vitnið ekki séð hvaða númer hafði verið, vegna þess að rífið var af bréfinu frá Birni Ólafssyni, þar sem það númer var tilgreint með númerum hinna hlutabréfanna, sem hann hafði að handveði.

Það má telja upplýst í málinu, bæði með vitnisburðum Björns Ólafssonar, Ásgeirs Guðmundssonar og einnig framburði Helga Benediktssonar sjálfs, að þessir menn höfðu á sama tímabili (árið 1927 og til 1929) til samans 19 hlutabréf h. f. Dráttarbrautarinnar í vörzlum sínum,

sem Helgi Benediktsson hafði afhent þeim til tryggingar skuldum Verzlunarfélags Vestmannaeyja, sem hann var forstjóri fyrir og aðaleigandi að. Í fyrsta réttarhaldi í málinu hélt Helgi Benediktsson því fram, að hann myndi ekki hve mörg hlutabréf hann hefði átt í h. f. Dráttarbraut Vestmannaeyja, en taldi vist að þau gætu verið 19 að tölu. Eftir rannsókn í Reykjavík var hann enn spurður um eign sína í Dráttarbrautinni, og skorað á hann að sýna hlutabréf sín til sönnunar staðhæfingum sínum. Kveðst hann þá, (réttarhaldi 20. apr. f. á.) ekki vera undir það búinn, því að þau væru annarsstaðar, sum í Reykjavík og önnur í Bergen, eða helst hjá Birni Ólafssyni, stórkaupmanni. Einnig hélt hann þá fram að hann ætti „eitthvað af þeim bréfum“ sem stæðu á annara nöfnum á framlagðri hluthafaskrá, þó „hann gæti ekki gefið upp númer þeirra“. Í þessu réttarhaldi var úrskurðað að setja hann í gæzluvarðhald. Úr varðhaldinu skrifaði hann dómaranum og upplýsti að níu hlutabréf, sem væru eign sín, væru geymd í Útibúi Útvegsbankans hér. Þetta reyndist rétt, og að Helgi hefði 20. sept. 1930 afhent bankanum að handveði þessi nr. hlutabréfa í Dráttarbrautinni: 17, 42—45 og 47—50, níu að tölu. Þessi níu hlutabréf fullyrta Helgi síðan að væru sömu bréfin og hann afhenti Ásgeiri Guðmundssyni vegna Smjörlikisgerðarinnar, og hafi fengið í sínar vörzlur seint á árinu 1929 eða snemma á árinu 1930.

Eftir þessu kemur til álita:

1. Hvort Helgi hafi átt svo mörg hlutabréf í h. f. Dráttarbraut Vestmannaeyja árið 1927, að hann gat þá veðsett, sem sína eign, 19 bréf, eða hvort hann eignaðist þau seinna svo hann árið 1930 gat réttilega veðsett þessi hlutabréf, eins og hann gerði.

2. Hvort hann veðsetti Smjörlikisgerðinni þessi númer hlutabréfa, sem Ásgeir Guðmundsson heldur fram, eða þau númer, sem hann sjálfur segir, og seinna voru veðsett Útvegsbankanum hér. Og ef um sömu bréf er að ræða, hvort hann þá hafi falsað númer bréfanna.

Samkvæmt aðalreikningi h. f. Dráttarbrautar Vestmannaeyja, gerðum í júní 1928 og undirskrifuðum af sjálfum ákærða, var hlutafé félagsins kr. 22500,00, sem samsvavar 45 hlutabréfum og kemur heim við tölu á óundir-

ritaðri hluthafaskrá félagsins, er fannst í vörzlum (peningaskáp) Helga Benediktssonar við innsetningargerð 2. nóv. 1931. En eftir þeirri skrá átti Helgi aðeins þessi númer: 6—7, 25—32 og einnig númer 17, enda þótt annars manns nafn standi þar einnig við (sbr. vitnisburð þess manns fyrir rétti). Hinsvegar hefir Helgi haldið því fram, að bréfin sem hann veðsetti Útvegsbankanum, og sem hafi verið þau sömu, sem hann afhenti Ásgeiri Guðmunds-syni, hafi hann eignast rétt um leið og hann eignaðist hlutabréfin, sem standa á hluthafaskránni á hans nafni, og á þann hátt, að hann tók þau til greiðslu á inneign sinni hjá félaginu. Að því er kemur til þess, að númerunum er breytt á hlutabréfunum nr. 42—25 og 47—50, sem hann veðsetti bankanum, þá kveður hann sig hafa af vanga tölusett þessi bréf með sömu númeratölu og þau, sem hann átti fyrir, en síðan lagfært þetta með radervatni, því að bréfin hafi hann sjálfur gefið út sér til handa, upp í áðurnefnda inneign sína.

Eins og hinn framlagði óvæfengdi reikningur h. f. Dráttarbrautar Vestmannaeyja fyrir árið 1927, undirritaður af ákærða, ber með sér, eru inneignir viðskiptamanna sundurliðaðar og þar ekki getið, að Helgi Benediktsson eigi neitt hjá félaginu, og er það í samræmi við, að hann annaðhvort hafi ekkert átt til góða, eða — eins og hann hefir haldið fram — verið búinn að fá borgun með auknum hlutabréfum. En ef þetta síðara hefði verið, þá hefði hlutaféð ekki getað verið aðeins kr. 22500,00, eins og sami reikningur ber með sér, heldur átt að vera 25000,00 kr. Aðalreikningurinn samrýmist því ekki staðhæfingum ákærða, nú eftir að hann er kominn undir ákæru. Verður að telja að þessi reikningur, sem ákærði gerði fyrir löngu og hann aldrei hefir haldið fram að væri rangur og auk þess er bæði endurskoðaður og samþykktur af félaginu, sé nægileg sönnun þess, að ákærði hafi ekki verið búinn að eignast þessi viðbótarhlutabréf í árslok 1927 og ekki heldur átt þá hjá félaginu, en þá getur hann heldur ekki hafa ráðstafað 19 hlutabréfum árið 1927, sem væri hans rétta eign. En auk þess, sem nú hefir verið tekið fram, er fleira, sem bendir mjög til, að staðhæfingar ákærða um þessi hlutabréf séu rangar. Í fyrsta lagi hafa tvö vitni, þeir Gunnar Ólafsson og Jón Ólafsson, sem báð-

ir eru og hafa verið í stjórn h. f. Dráttarbrautarinnar og málum hennar sérstaklega kunnugir, borið fyrir rétti, og unnið eið að því, að þessi kaup Helga hafi verið þeim ókunn og hvergi tilkynnt, og inneign sína hjá félaginu hafi Helgi fengið greidda mæð 8—10 hlutabréfum, sem hann fékk í upphafi, þá er einnig upplýst, að Helgi hafði eyðublöð, undirrituð af stjórnendum, undir hendi, sem honum var innanhandar að útfylla, og hann hefir einnig kannast við að hafa útfyllt með nafni sínu, og bréfin bera líka sjálf með sér. (Rithönd hans). Þá ber einnig að geta þess, að það reyndist rangt, sem hann hélt fram að hafa eignast hlutabréf í félaginu, sem aðrir hafi átt á undan honum, og að hann leyndi fyrst, hvar þessi hlutabréf væri komin niður, enda þótt síðar hafi komið í ljós, að hann bæði vissi það og hlaut eftir hlutarins eðli að vita það, þar sem hann fyrir skömmu hafði veðsett þau Útvegsbankanum hér.

Í sambandi við þetta þykir rétt að athuga nokkuð uppgjöfina á aðalreikningnum 1927, að hlutaféð hafi verið 22500 krónur, eða 45 hlutabréf, og þetta að Helgi hafi veðsett 19 hlutabréf, sem sína eign. Talan 45 virðist þá koma þannig út:

Vitanleg eign annara en Helga. Nr. 1—5, 8—16, 18—24, 33—41 og 45 (G. Jónsson), *samtals 31 bréf.*

Bréf nr. 45 er gefið út 31/12 1927 og liggur næst að álita, að það hafi fylgt þess árs reikningi, sem gerður var í júní 1928.

Eign Helga sjálfs. Nr. 6—7, 17 og 25—32, *samtals 11 bréf.*

Auk þessara bréfa eru þá bréfin 42—44, sem eru á skránni á nafni Jóns Einarssonar, og hvorki eru til né að sögn Jóns hafa verið til. *Alls 45 bréf.*

En þau bréf, sem Helgi eftir þessu gat ráðstafað og veðsett, eru þá auk þessara 11: þau 3, sem töldust eign Jóns Einarssonar, en ekki virðast hafa verið útfyllt, og þau 5, sem vantaði á 25000 kr. — hlutaféð, þessi tala kemur heim við hlutabréfin 42—45 (H. B.) og 47—50, sem líka eru einu bréfin, þar sem númeratölum hefir verið breytt með radervatni, og hann einnig hefir kannast við að hafa gert.

Á réttarskjali nr. 39 í máli þessu, sem er skýrsla Helga

Benediktssonar til talsmanns síns í málinu, segir Helgi undir fyrirsögninni „Teningum kastað“: „Þann 29. okt. 1928, er aðalfundur Dráttarbrautarinnar var haldinn fyrir árið 1927, gekk Gunnar Ólafsson úr félagsstjórninni, og var hann ekki endurkosinn og átti ég þar hlut að máli“. Þessum fundi er nokkuð nánar lýst á bls. 7 á rskj. 24 og voru þessir menn mættir og kusu annan mann í stjórn Dráttarbrautarinnar í stað Gunnars Ólafssonar: Jón Einarsson, Gjábakka, Hjörleifur Sigurjónsson, Engidal, sem hafa borið vitni í málinu um að hafa ekki verið hluthafar í félaginu, og auk þess þrjú menn auk Helga, sem voru réttir félagar, en Helgi sjálfur fór með umboð nokkurra hluthafa. Virðist allt benda til þess, að Jón Einarsson hafi verið (vegna þessa fundar) settur á skrána sem „fingeraður“ hluthafi, og nafn Hjörleifs Sigurðssonar á sömu skrá (aftan við nafn Helga Benediktssonar við nr. 17), bendir til hins sama.

Í nefndu réttarskjali í nefndri fundargerð, sem Helgi Benediktsson hefir sjálfur lagt fram til varnar sér, felst í raun og veru skýlaus játning hans um að hafa ekki hinn 29. okt. 1928 átt þau 19 hlutabréf, sem hann hefir haldið fram, heldur mest 11. Í fundargerðinni stendur sem sé að fundarstjóri hafi lýst yfir því, að löglega væri til fundarins boðað, „*enda mætt þar fyrir 22 hluthafa af atkvæðisbæru hlutafé félagsins*“.

En samkvæmt þessari fundargerð, undirritaðri af Helga sjálfum og lagðri fram af honum sjálfum, eru þessir atkvæðisbæru hlutir taldir:

Jón Einarsson (nr. 42—44)	3	atkvæði
Th. Thomsen (nr. 41)	1	—
Guðmundur Sigurðsson (nr. 14)	1	—
Helgi Benediktsson vegna Stefáns Björnssonar (nr. 15).	1	—
Sami vegna Árna Sigfússonar (nr. 22).	1	—
— — Einarss Runólfssonar (nr. 8)	1	—
— — Fil. Árnasonar (nr. 13)	1	—
— — Kr. Gíslasonar (nr. 24)	1	—
Hjörleifur Sigurjónsson (nr. 17)	1	—
Sig. Ingimundarson (nr. 12)	1	—

Eru þá aðeins eftir 10 atkvæði, sem Helgi telur sig fara með *fyrir sjálfan sig*. En af þessum 12 mun mega telja að Hjörleifur hafi raunverulega ekki átt neitt. Kemur þá að þessum 11 bréfum, sem einnig á annan hátt kemur í ljós samkvæmt framangreindu, að Helgi hafi átt í félaginu.

Eftir þessu verður því að telja nægilega upplýst, að Helgi Benediktsson hafi aldrei átt jafnmörg hlutabréf í h. f. Dráttarbraut Vestmannaeyja, eins og hann hefir kannazt við og sannað er að hann hefir veðsett, og geta fullyrðingar hans um að hafa selt sjálfum sér nokkur *bréf*, ekki komið til greina á móti þessu, því að hvorki eru neinar sannanir færðar fyrir þeim fullyrðingum, og eiðfestir framburðir tveggja vitna og miklar likur í gagnstæða átt. Með þessu athæfi sínu hefir kærður að réttarins áliti brotið gegn 253. grein hinna alm. hegningarlaga, þar eð hann hefir með því tælt aðra menn til þess að taka við að veði hluti, er þeir töldu meira virði en þeir voru.

Þá hefir kærði eins og áður er sagt, kannazt við að hafa breytt númeratölu á nokkrum áðurnefndum hlutabréfum, sem hann þó sjálfur hafi verið búinn að útfylla áður með öðrum tölum. Það verður, þar sem annað er ekki upplýst að ganga út frá að þessar fullyrðingar kærða séu réttar. Kemur því aðeins að réttarins dómi til álita, hvort það verði talið brot á 275. gr. alm. hegningarlaga að telja verður að ákærði hafi sett númeratölur á hlutabréf þau, sem hann ætlaði sér að veðsetja og veðsetti, en ekki átti, og hafi með því, eins og nefnd lagagrein tiltekur, „ranglega fyllt eyður í skjali, sem gert er í nafni annars manns og hann hefir ritað undir, en ekki ætlast til að látið væri af hendi“. Þar sem ákærði hafði eftir stöðu sinni rétt til að setja númeratölur á eyðublöð þau, er hjá honum voru, og ganga verður út frá framburði hans um að hafa aðeins breytt tölum, er hann hafði sjálfur áður ritað á bréfin, virðist réttinum að ákærði hafi ekki með þessu gert sig brotlegan gegn áðurnefndri lagagrein.

Þá skal vikið að hinum öðrum sakaratriðum, sem borin eru á Helga Benediktsson í þessu máli.

1. *Fölsun á fylgibréfi frá Helga Magnússyni & Co. í Reykjavík.*

Fylgibréf þetta er um eldavél, sem kom með Esju síðast í septembermánuði 1927 hingað frá Reykjavík. Hefir því

verið haldið fram af kæranda, Stefáni Árnasyni, að ákærði hafi falsað fylgibréf þetta með því að bæta á það orðinu FRUMRIT, enda þótt það hafi alls ekki verið frumrit og þannig tekizt að fá eldavélina afhenta sér á sviksamlegan hátt. Þessu hefir ákærði eindregið neitað, og þar sem alls engar sannanir, eða jafnvel líkur komu fram undir rannsókn málsins fyrir að ákærði ætti hér nokkra sök, þá ber að sýkna hann af þessari kæru.

2. Fölsun á fylgibréfi frá Sláturfélagi Suðurlands.

Fylgibréf þetta er með einum kassa af niðursuðuvörum, einum kassa af osti og pylsum og einum dunk af skyri, sendum frá Reykjavík hingað með Lyrú í nóvember 1931, til ákærða Helga Benediktssonar. Sami kærandi og áður er greindur kærði Helga fyrir að hafa fengið sér afhentur vörur þessar gegn fölsuðu fylgibréfi.

Við rannsókn málsins má telja, að það sem hér greinir hafi orðið upplýst: Ákærður tók sjálfur við áðurnefndum vörum með því að afhenda afgreiðslunni hér „Fölgebrev“ á norsku og kvitta á það með nafni sínu fyrir móttöku varanna. Hélt ákærði því fram í fyrsta réttarhaldi út af þessu, að fylgibréf það, sem hann fékk vörur þessar út á hjá afgreiðslunni (og síðar reyndist þetta sem nú var nefnt), hafi verið annað af þeim tveim frumritum, sem hafi fylgt vörunum. (Hitt með póströfu yfir vörurnar). Á móti þessum staðhæfingum ákærða er vitnisburður forstjóra Sláturfélagsins, sem sendi vörurnar og afrit af fylgibréfsfittiriti, sem hann hélt eftir og er lagt fram í málinu, og á er kvittun afgr. Lyrú í Reykjavík fyrir farmgjaldi og útskipun þar og ber með sér að það er algerlega af öðru tagi, en hitt, sem kærði fékk vörurnar út á, og hvorugt *Copy* af hinu. Enda hefir ákærði ekki neitað því að nefnt fylgibréf frá Sláturfélaginu sé rétt eftirit af því, sem vörunum fylgdi. Svo var um þessar vörur, að þær voru sendar með póströfu til ákærða, sem hann ekki innleysti. Var póstkrafan endursend sendanda, og er hann talaði við umboðsmann sinn í Vestmannaeyjum, verzlunarmann Jóhann A. Bjarnasen, þá kom í ljós, að ákærði var búinn að fá vörurnar afhentar á afgreiðslu Lyrú hér. Þá sendi forstjóri Sláturfélagsins Jóhanni póströfuna aftur og frumritið, til þess að fá greiðslu hjá ákærða. Greiddi ákærði póströfuna og fékk sér afhent

frumritið, að sögn vitnisins, Jóhanns A. Bjarnasen. Þetta frumrit kveðst vitnið Sigurður Bogason hafa séð hjá Jóhanni og borið saman við fylgibréfið, sem ákærði fékk vörurnar út á, og lýsti yfir að sjáanlegt hefði verið, að það hefði ekki verið eftirrit af þessu fylgibréfi, sem Jóhann kom með. Hefir ákærði neitað að hafa tekið við fylgibréfinu hjá Jóhanni þegar hann borgaði honum póstkrofunu. Sama og Sigurður hefir vitnið Jóhann A. Bjarnasen borið og að hvorugt fylgibréfanna hafi verið copy af hinu. Um fylgibréfið, sem hann fékk vörurnar út á, hefir ákærði fyrst borið að hafa annað hvort fengið það frá afgreiðslunni hér eða sótt það þangað. Seinna skýrði hann þetta á þá leið, að hann „viti ekki annað“ en að fylgibréf þetta hafi komið frá afgreiðslunni hér, því hann hafi tekið það á skrifborði sínu niður í Verzlunarfélagi í þeirri trú, „að það væri komið þaðan“. Og er honum var bent á að þessi skýring hans væri tortryggileg, þá sagði hann, að hugsagt gæti, að hann hefði skrifað þetta fylgibréf „í einhverju tilgangslausu fíkti“, þó hann ræki ekki minni til þess. „Geti svo verið að hann hafi tekið fylgibréfið í ógáti og látið afhenda sér vörurnar út á það“. Við athugun á fylgibréfi því, sem kærði afhenti, og fékk vörurnar út á, kom einnig í ljós svo óyggjandi má telja, að það er ritað á ritvél kærða. Bæði hafa nokkrir menn borið þetta fyrir réttinum vegna þess, að stafirnir væru slitnir alveg eins, og svo verður að telja vitanlegt, að slíkt er óhugsandi um tvær mismunandi ritvélar. Enda ekki er óhugsandi, að það *geti verið ritað* á hans ritvél.

Rétturinn verður að telja fullsannað í málinu, að fylgibréf það, sem ákærði fékk sér afhentar vörurnar gegn, sé ekki frá sendanda og að ákærði hafi, er hann kvittaði á það fyrir vörurnar, vitað að svo var ekki. Því hann hefir játað, að hafa þá hvorki borgað vörurnar, beðið um að lána þær eða fengið það. Enda liggur fyrir játning hans um að *hugsagt geti að hann hafi skrifað þetta fylgibréf*, og svo ber skjalið sjálft, eins og líka talsmaður ákærða segir, það með sér, að það er ekki frumrit eins og ákærði annað veifið hefir haldið fram. Ákærði hefir sjálfur tekið fram, hvað gat komið honum til þess að nota þetta ranga fylgibréf. Hann kveðst ekki ýmissa hluta vegna, hafa viljað nota sér lánstraust sitt hjá send-

anda fyrir hinni litlu upphæð (kr. 172,79), og við þetta bætist, að hann gat alltaf búizt við, að geta borgað uppgerði. Hinsvegar telur rétturinn ekki alveg nægar sannanir liggja fyrir því, að ákærði hafi sjálfur skrifað fylgi-hæðina seinna þegar krafizt væri, eins og hann líka bréfið og í fölsunarskyni. Því þrátt fyrir allar líkur fyrir þessu, svo sem að það er ritað á ritvél hans, sem var á stað, þar sem óviðkomandi menn höfðu ekki aðgang að, er ekki óhugsandi, að framburður hans sé réttur, og að hann hafi annað hvort skrifað bréfið í hugsunarleysi, eða að annað maður hafi þá skrifað það.

Samkvæmt framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi þannig gert sig brotlegan gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga, með því að taka sviksamlega við því, sem annar maður hélt, að hann væri skyldur að selja honum í hendur.

3. Tékkávisanir.

Þá hefir sami kærandi og áður greinir, kært ákærða fyrir að hafa greitt með tékkávisunum, sem hann vissi að ekki var innstæða fyrir á gjalddaga þeirra. Er fyrst að ræða um ávisun að upphæð kr. 233,50, útgefna 18. ágúst 1928, og síðan aðra að upphæð 200 kr. út. 30. ágúst s. á. Það er upplýst í málinu, að tékkávisanir þessar voru afhentar Jóhanni Á. Bjarnasen, verzlunarmanni hér, sem umboðsmanni firma í Reykjavík, 18. ágúst það ár. Hefir ákærði haldið því fram, að þær hafi átt að vera til tryggingar skuld við firmað. Þessu hefir Jóhann Á. Bjarnasen, sem vitni í málinu, neitað og unnið eið að. Enda virðist verða að ganga út frá því, að ósönnuðu máli, að tékkávisanir séu bein greiðsla, eins og peningar. Eftir að vitnið vann eiðinn, lýsti ákærði yfir, að hann hefði upphaflega gefið tékkávisanirnar út „í oftrausti á greiðslugetu Verzlunarfélags Vestmannaeyja h/f., sem hann stýrði, og í von um, að sér mundi takast að innleysa þær, þótt ekki væri til fyrir þeim í bili, en ekki hafa gert þetta í neinum sviksamlegum tilgangi. Að því er kemur til fyrri ávisunarinnar, sem átti ekki að borgast fyrr en 12 dögum eftir að hún var afhent, má segja, að hefði mátt telja upplýst, að gjaldgeta ákærða hefði ekki þá verið svo mikil, að hann hefði getað borgað þessar kr. 233,50, þá væri það sýknuástæða, ef þetta gjaldgetuleysi var þá ekki held-

ur hans sök. En þetta liggur ekki fyrir í málinu. En um hina ávísunina er ekki um slíkt að ræða. Hún er gefin út 30. ágúst, og samkvæmt áritun bankans 1. september næst á eftir, er aðeins ein króna og 29 aurar inni fyrir henni.

Samkvæmt þessu verður að telja, að ákærði hafi með þessu brotið gegn 253. gr. alm. hegningarlaga, þar sem ekki getur talizt að um neina vangá hafi verið að ræða, því það verður að telja sama og að tæla menn með rangri sögusögn til þess að kaupa eða taka við hlut, er hann heldur að sé miklu meira virði en hann er, að borga með tékk-ávisun, sem hann veit að ekki er til innstæða fyrir, eða lætur vera innstæðu fyrir, sé honum það ekki sannanlega ómögulegt, og ekki aðeins um vangá eina að ræða.

4. Kæra Jóns Benediktssonar fyrir að ákærði hafi vísað á eign sína til lögtaks.

Gegn mótmælum ákærða, verður ekki talið sannað, að hann hafi visvitandi bent á annara eigur til lögtaks. Milli aðila voru gerðir samningar um kaup á hinu framvísaða (skipinu Sandve) og eftir því, sem fyrir liggur, er ástæða til að álíta að ákærði hafi talið eign sína í því, a. m. k. nema mun meira upphæð en þeirri, sem lögtak var gert fyrir. Þá ber að geta þess, að ákærði hefir lagt fram utanréttarafturköllun sína á þessari kæru sinni. Það verður því að sýkna ákærða af þessari kæru.

Þegar ákveða ber refsing þá, sem telja má að ákærði hafi unnið til með þeim yfirsjónum, sem að framan eru greindar, þykir rétt að taka tillit til neðangreindra atriða:

1. Veðsetning Dráttarbrautarbréfanna.

Kæran er ekki komin fram frá þeim, sem fengu hin ógildu bréf til tryggingar skuldum sínum, og þeir hafa ekki orðið fyrir neinu tapi.

Öðrum aðila er borgað, en hinn (Útvegsbanki Íslands h/f. Vestmannaeyjum) hefir lýst yfir, að nefnd hlutabréf hafi verið afhent sér af ákærðum „ótilkvaddur og án þess að vér höfðum krafist hann um nýjar tryggingar“.

2. Fylgibréf Sláturfélags Suðurlands.

Kæran er ekki heldur í þessu tilfelli komin frá þeim, er misgert var við, og þar er ekki heldur um neitt fjárhagslegt tap fyrir neinn að ræða, því að kærði var búinn að greiða sendinguna, þegar hann var kærður.

3. Tékkávisanirnar.

Hér var um 3½ árs gamalt atvik að ræða, sem ekki er kært fyrir en löngu seinna, og öll ástæða er til að ætla, að ekki hafi upphaflega átt að verða til þess að skaða neinn fjárhagslega. Enda ekki heldur kært af þeim, sem upphaflega fékk greiðslu með þessum tékkávisunum.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, en hefir áður hlotið refsisdóm fyrir brot gegn 101. gr. alm. hegningarlaga. Samkvæmt þessu og því, sem að framan hefir verið greint, þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin, samkvæmt 253. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 51, 7. maí 1928, þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins.

Miðvikudaginn 12. dez. 1934.

Nr. 163/1934. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Karl Kristensen (Lárus Jóhannesson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 11. sept. 1934: Kærður, Karl Kristian Sinius Kristensen, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirting dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað 25 daga einföldu fangelsi.

Kærður greiði kostnað sakarinnar.

Hið ólöglega áfengi og bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.